

VINNUVÉLAR

& VÖRUBÍLAR

Kynningarblað Brimborg, Aflvélar, Vélfang,
Konnasafn á Akureyri, fjörtíu ára jarðýta á Hellisheiði.



Volvo Truck-fjölskyldan samankomin. Fjórir nýir vörubílar bætast við framleiðslulínu Volvo Truck í september.

Ný kynslóð Volvo-vörubifreiða

Volvo Truck hefur að undanförnu kynnt fjölda áhugaverðra nýjunga til sögunnar; nýja bíla og fjölmargar tækninýjungar.

Fjórir nýir fjölskyldumeðlimir, sem munu tilheyra framleiðslulínu Volvo Truck í september, voru kynntir fyrir umboðsaðilum Volvo Truck í Svíþjóð í vor. „Þeir hafa allir fengið andlitslyftingu og eru búnir fullt af nýjungum,“ segir Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs Volvo hjá Brimborg.

Um að ræða Volvo FM sem er alhliða vörubíll. Hann er einna helst notaður til dreifingar á vörum en er þó tilbúinn í hvaða verkefni sem er. Eins var kynntur nýr Volvo FMX sem er hugsaður í erfiða verktakavinnu og hefur því verið líkt við ofurhetju. Volvo FE og FL eru svo hugsaðir í vörudreifingu innanbæjar. Þeir henta að sögn Kristins einstaklega vel í þéttbýli við þröngar og krefjandi aðstæður.

Tækninýjungar

Mesta tæknibyltingin í Volvo FM og FMX er að sögn Kristins án efa tengd stýrinu. „Í báðum bílunum er hægt að fá aukabúnað sem nefnist Volvo Dynamic Steering en tæknin gengur út á rafstýrðan rafmótor áföstum vökvastýrisdælunni. Útkoman er nákvæmari stjórnun stýris sem skapar öruggara, þægilegra og betra ökumannsumhverfi.“

„Þessi nýja tækni mun gera það að verkum að álag á ökumanninn við það að stýra vörubifreiðinni verður mun minna, sem leiðir til þess að minni hætta verður á verkjum í hálsi, höndum og baki ökumanna. Jafnvel á litlum hraða á fullhlöðnum vörubíli er svo auðvelt að snúa stýrinu að ökumaður getur gert það með einum fingri,“ segir Claes Nilsson, forstjóri Volvo Truck.

Yfirgripsmiklir bæklingar á íslensku

„Undanfarið hefur verið unnið að þýðingu á bæklingum um nýju línuna á íslensku og eru þeir einn af öðrum að detta í hús,“ segir Kristinn. Hann hvetur menn endilega til að koma við að Bíldshöfða 6, ræða málin og grípa bæklinga. „Þeir eru mjög yfirgripsmiklir og er farið ítarlega ofan í allar helstu nýjungar í hverri tegund Volvo-vörubifreiðanna.“

Flaggskip Volvo Truck eru nýir Volvo FH og FH16

Síðastliðið haust voru nýju Volvo FH og FH16 kynntir til sögunnar en þar er um alfarið nýja vörubíla að ræða. Framleiðsla bílanna hófst fyrr á þessu ári í verksmiðju Volvo Truck TUVE í Gautaborg. „Volvo FH-flaggskipið býr yfir fullt af góðum nýjungum. Ber þar helst að nefna sjálfstæða fjöðrun að framan með tannstangarstýri sem gerir stjórnun vörubifreiðarinnar nákvæmari og betri og er tilfinningin ekki ósvipuð því að aka fólksbíl. Sjálfstæða fjöðrunin að framan er fánægleg sem aukabúnaður,“ segir Kristinn.

Hann segir Volvo FH16-bíla koma til landsins von bráðar en Jón og Margeir ehf., Ragnar og Ásgeir ehf. og Einhamar ehf. fá þá afhenta innan skamms. „Það verður gaman að sjá þá aka um þjóðvegi landsins á komandi misserum,“ segir Kristinn.

Volvo CE-vinnuvélar

Að sögn Kristins eru stöðugar uppfærslur á framleiðslunni í gangi en helsta stækkunin í framleiðslulínunni hefur verið í flokki vegagerðarvéla (e. Road Machinery). Í þeim flokki eru malbikunarvélar,



Brimborg hefur afhent þrjár nýjar Volvo 9500-rútur til aðila í ferðaþjónustu hér á landi það sem af er þessu ári. Sem stendur er mjög vel útbúinn Volvo 9500 13 metra og 59 sæta hópferðabíll til á lager að Bíldshöfða 6.

MYND/PJETUR

valtarar og vegheflar en Volvo CE keyptu malbikunarvéla og valtarann af vörumerkinu Ingersoll Rand árið 2007.

Volvo Bus-hópferðabílar og strætisvagnar

Volvo-hópferðabifreiðar hafa fengið góðar viðtökur hjá aðilum sem gera út hópferðabifreiðar hér á landi. Framleiðslulína Volvo Bus í hópferðabifreiðum og strætisvögnum er mjög stór og því innanborðs strætisvagnar og rútur sem henta mjög vel íslenskum aðstæðum. Á þessu ári hefur Brimborg afhent þrjár nýjar Volvo 9500-rútur til aðila í ferðaþjónustu hér á landi. Sem stendur er mjög vel útbúinn Volvo 9500 13 metra og 59 sæta hópferðabíll til á lager að Bíldshöfða 6.

Volvo Penta-bátavélar

Bátavélar frá Volvo Penta eru vel þekktar hér á landi í smærri bátum, skemmtibátum og hraðfiskibátum. Undanfarin misseri hefur notkun Volvo Penta-bátavéla í atvinnubátum aukist talsvert. Notkunin hefur aukist mikið við tilkomu strandveiða á sumrin um land allt.



Volvo CE-malbikunarvélar og valtarar eru í flokki vegagerðarvéla.

ÞEKING OG REYNSLA

Brimborg hefur verið umboðsaðili Volvo atvinnutækja frá árinu 1988, eða í 25 ár, og er því mikil þekking og reynsla innandyrá á þeim vörumerkjum sem verið er að selja og þjónusta. Undir Volvo-atvinnutækni falla eftirfarandi vörumerki: Volvo Truck (vörubifreiðar), Volvo Construction Equipment (vinnuvélar), Volvo Bus (hópferðabifreiðar) og Volvo Penta (bátavélar) ásamt mörgum öðrum vörumerkjum tengdum ábyggingum. Brimborg er með starfstöð á Akureyri að Tryggvabraut 5 og sinnir þar einnig viðgerðum á Volvo-atvinnutækjum.



Vantar þig nýtt eða notað atvinnutæki ?

Sérhæfum okkur í sölu og innflutningi á vinnuvélum, vörubílum og dráttarvélum.



Hafðu samband og fáðu tilboð í tækið sem þig vantar.

Traust og góð þjónusta.

B.STURLUSON

B.Sturluson ehf • Sala á atvinnutækjum • Vagnhöfði 9
110 Reykjavík • 577 11 89 – 774 11 88 • www.trucks.is



Vélarnar í safninu koma alls staðar að af landinu. Mörgum hefur verið bjargað frá niðurrífi.



Áætlað er að byggja um tíu þúsund fermetra húsnæði að Skútum í Hörgárbyggð.



Brynjólfur safnstjóri við eina af þeim vélum sem voru í sérstöku uppáhaldi hjá Konráði Vilhjálmssyni.

Vélar frá öllum landshornum

Konnasafn er vinnuvélasafn á Akureyri sem stofnað var af Konráði Vilhjálmssyni heitnum. Þar gefur að líta um sjötíu vélar af ýmsu tagi og sífellt fleiri bætast við. Í framtíðinni fær safnið samastað að Skútum í Hörgárbyggð.

Konráð Vilhjálmsson hafði alla tíð mikinn áhuga á vinnuvélum, var fróður um þær og laghentur viðgerðarmaður. Frá 1986 starfaði hann nær alfarið sem vélamaður, aðallega á jarðýtum hjá fjölskyldufyrirtæki sínu Arnarfelli. Tveimur árum fyrr hafði hann fest kaup á fyrsta safngrip sínum, sem var jarðbor.

„Þabbi hafði lengi safnað vinnuvélum á borð við jarðýtur, víragröfur, hjólaskóflur, veghefla, gamla steypubíla og allrahanda vinnuvélar en ákvað árið 2009 að stofna formlega safn,“ segir Þór Konráðsson, sonur Konráðs sem Konnasafn heitir eftir. „Þegar hann féll frá í febrúar 2011 var hann búinn að segja okkur börnum sínum hvernig ætti að þróa hlutina áfram og var meira að segja búinn að ráða safnstjóra, Brynjólf Snorrason frá Mið-Samtúni,“ segir Þór.

Konnasafn er í dag staðsett á athafnasvæði Skútubergs, fyrirtækis í eigu Þórs, að Sjafnarnesi 2-4 á Akureyri. Framtíðarstaðsetning þess verður hins vegar á Skútum í Hörgárbyggð en þar er ætlunin að reisa nokkrar skemmur undir starfsemi. „Við vonumst til að geta flutt safnið að Skútum á næsta ári,“ upplýsir Þór, en beðið er eftir samþykkt á breyttu deiluskipulagi. „Við erum því hér á meðan fyrir náð og miskunn Akureyrarbæjar enda hafa gamlar vinnuvélar aldrei þótt neitt auginayndi,“ segir hann glettinn.

Safnið er opið virka daga frá 8 til 17, ekki er rukkaður aðgangur en gestir eru beðnir að kvitta í gestabók. „Safnið er mjög merkilegt fyrir áhugamenn. Margir gera sér sér ferð til okkar enda er hér að sjá muni sem hvergi eru til annars staðar. Til okkar hafa komið útlendingar sem segjast sjá hjá okkur vélar sem þeir hafi hvergi annars staðar séð í vinnuvélasöfnum í Evrópu,“ segir Þór og bendir á að ljósmyndarar hafi einnig mikinn áhuga á að taka myndir af þessum gömlu risum.



Áhugamenn um vinnuvélar koma um langan veg til að skoða safnið.



Safnið er einkaframtak Konráðs heitins og niðja hans.

EIGUM VARAHLUTI Í

**JCB
DAF
MAN
IVECO**

NEW HOLLAND

og fleiri vinnuvélar og vörubíla.

Útvegum uppgerð og ný olíuverk í flestar gerðir véla og bíla.

Tökum einnig að okkur viðgerðir á öllum vélum og bílum.

Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
S:527 2600 - www.velavit.is

JCB-vélarnar eru ódýrari í rekstri

Vélfang ehf. er umboðsaðili JCB-vinnuvélanna. Hjá JCB er sífellt unnið að því að auka þægindi notandans og hagkvæmni í rekstri, bæði hvað varðar eldsneytisneyslu, hljóðmengun og almenn þægindi.

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, vélaverktaka, flutninga-fyrirtæki og sveitarfélög. Markmið fyrirtækisins er að veita bestu þjónustu sem völ er á á markaðnum með þarfir viðskiptavinnanna í fyrirrúmi.

Sigurjón P. Stefánsson, sölustjóri JCB hjá Vélfangi, segir sölu nýrra véla að mestu leyti hafa legið niðri frá hrúni, en nú sé aftur að færast líf í markaðinn. „Menn eru að horfa fram á betri tíð, svo framkvæmdir og verkefni eru að fara aftur í gang,“ segir Sigurjón og bætir við að viðskiptavinir séu einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög. „Við bjóðum upp á allar vinnuvélar. Stórar og smáar gröfur, margar stærðir af skotbómulyfturum, valtara í mörgum stærðum, allt frá litlum plötuþjöppum og upp í stóra jarðvegs- og malbiksvaltara. Svo býður JCB-fyrirtækið upp á dísilrafstöðvar í mörgum stærðum og útfærslum. Eins er mikið úrval af hjóla-skóflum,“ segir Sigurjón.

Helstu söluvörurnar segir Sigurjón hafa verið traktorsgröfurnar



Sigurjón P. Stefánsson, sölustjóri JCB hjá Vélfangi, segir að líf sé nú að færast í markaðinn á ný eftir hrún og framkvæmdir að fara í gang.

frá JCB, skotbómulyftara, stórar beltagröfur, hjólaskóflur og smávélar. Hann segir vöruúrvalið sífellt fara vaxandi og nú séu breytingar í gangi hjá JCB. „Á þessu ári er lögð mikil áhersla á þróun í dísilvélum, til að lækka eldsneytiseyðslu í vélum og draga úr mengun. Eins er unnið að því að gera umhverfi stjórnandans þægilegra, bæði með innréttingum og með því að draga úr allri hljóðmengun

inni í stjórnunarklefanum,“ útskýrir hann. „Vélarnar eru því að verða ódýrari í rekstri vegna minni eldsneytiseyðslu.“

Vélfang ehf. rekur einnig varahlutaþjónustu sem sinnt er á landsvísi. „Við erum með fullkomna varahlutaþjónustu fyrir JCB-vélarnar og útvegum allt sem þarf,“ segir Sigurjón. „Við rekum líka eigin verkstæði, bæði í Reykjavík og á Akureyri.“



Hallur Steingrímsson segir gömlu jarðýtuna alveg eins og nýja.

MYND/ARNÞÓR

Allt er fertugum fært

Nú eru liðin 40 ár síðan TD-15 C-Series kom í Svarfaðardal, en það var þann 17. júní árið 1973.

„Þetta er jarðýta sem var notuð hjá Ræktunarsambandi Svarfdæla í mörg ár,“ segir Hallur Steingrímsson hjá Ýtumanninum ehf. „Hún fór svo í eigu annars aðila áður en við keyptum hana, ég og sonur minn.“

Formlegur eigandi vélarinnar er Vélaverk ehf., dótturfélag Dexta orkutæknilausna, í eigu Gauta Hallssonar frá Skáldalæk. Faðir hans, Hallur Steingrímsson hjá Ýtumanninum ehf., leigir vélina til framkvæmda á Hólmsheiði við fangelsisgerð.

Hallur segir ekki óvanalegt að vél af þessu tagi endist svo lengi. „Verðum við ekki öll gömul?“ spyr hann og hlær. „Hún var bara gerð upp. Það er hægt að gera alla hluti upp og þá verða þeir eins og nýir. Hún er nýsprautuð með Nallalitnum, gula litnum sem var framleiddur fyrir þessar vélar.“

Vélar af þessu tagi eru enn framleiddar, en undir vörumerkinu Dressta.

Ætlunin er að koma vélinni aftur heim í Svarfaðardal. „Ég er Svarfdælingur og ég myndi helst vilja taka hana heim með mér einn daginn,“ segir Hallur brosandí.

Allt fyrir viðhald þjóðvega og gatnakerfa

Aflvélar ehf. er fjölskyldufyrirtæki í eigu feðganna Friðriks Inga Friðriks-sonar og Friðriks Hróbjartssonar.

„Aflvélar hefur í fjölmörg ár sérhæft sig í sölu vinnuvéla og aukabúnaðar á vinnuvélar fyrir viðhald þjóðvega og gatnakerfa,“ segir Halldór Kr. Jónsson framkvæmdastjóri, og bætir við að Aflvélar séu auk þess með stórt og fullkomið eigið verkstæði sem geti tekið við tækjum af öllum stærðum.

Aflvélar starfa fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði en meðal viðskiptavina eru ríkisstofnanir, bæjarfélög og verktakar.

„Við erum með umboð fyrir nokkur gæðamerki. Til að mynda fyrir ASH, Aebi Schmidt International, sem er stórfyrirtæki í sumar- og vetrartækjum,“ upplýsir Halldór en hundruð tækja frá ASH Aebi Schmidt til snjóruðnings og sumarstarfa eru í notkun á Íslandi í dag. „Við erum einnig með umboð fyrir veghefla frá Veekmas Oy í Finnlandi, ásamt fleiri umboðum á borð við snjótennur og undirtennur frá GMI í Noregi og Monroe í Bandaríkjunum, slitblöðum frá Scana steel í Noregi ásamt efni í sópa og tilbúna bursta fyrir sópbíla,“ segir Halldór.

Nýlega tóku Aflvélar við umboði fyrir ruslabíla frá Faun Viatic í Þýskalandi. „En nýjasta umboðið er fyrir fjölnota vinnuvél frá Holder. Þar er á ferðinni tæki sem hefur fjölmarga notkunarmöguleika,“ segir Halldór en með lítilli fyrirhöfn er hægt að tengja tækið við sóp, snjóplóg, snjóblásara, sanddreifara og sláttuvél, svo fátt eitt sé nefnt. „Þetta er tæki sem hentar mjög vel bæjarfélögum og litlum verkötum fyrir öll verkefni sem tengjast daglegri þjónustu bæjarfélags,“ segir hann og býður fólk velkomið í húsnæði Aflvéla að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

Nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is



Halldór Kr. Jónsson framkvæmdastjóri Aflvéla, Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

MYND/ARNÞÓR

HOLDER

FJÖLNOTA VINNUVÉL

- Liprari en traktor
- Fullkomið útsýni öikumanns
- Breytt úr vetrartæki í sumartæki á 7 mín.
- Vél sem nýtist allt árið
- Breidd tækis aðeins 97-132cm

HOLDER



Notkunarmöguleikar:

Sópur, Vatnsúðari, Sláttuvél, Runnaklippur, Snjóblásari, Snjóruðningur, Sanddreifari o.fl. o.fl. Kíkið í kaffi og kynnið ykkur þetta frábæra tæki. Hlökkum til að sjá ykkur!

AFLVÉLAR
Vesturhraun 3 • 210 Garðabær
Sími: 490 0000 • Fax: 490 0001



HENTUGT AÐ HAFNA VINNUVÉLARÉTTINDI

Til þess að mega notast við allar gerðir vinnuvéla er nauðsynlegt að hafa öðlast vinnuvélaréttindi. Byrjað er á vinnuvéla námskeiði sem eru mismunandi sett upp eftir því hvar þau eru tekin. Hægt er að taka þau í flestum ökuskólum og hjá Vinnueftirlitinu. Þegar námskeiðinu er lokið er tekið verklegt og bóklegt próf.

Eftir að hafa öðlast vinnuvélaréttindi opnast dyr að ýmsum atvinnutækifærum, ekki aðeins á Íslandi heldur líka á Evrópska efnahagssvæðinu. Námskeiðin kosta flest í kringum 65 þúsund til 85 þúsund krónur. Réttindin sem námskeiðin veita eru á allar gerðir

og stærðir vinnuvéla og eru byggð upp eftir reglugerðum frá Vinnueftirliti ríkisins.

Nú þegar atvinnulífið og framkvæmdir á landinu eru aftur komnar af stað er gott að hafa slíkt próf. Nauðsynlegt er að vera fróður um öryggismál, búnað og vinnutækni þegar kemur að svo stórum vélum. Við framkvæmdir á Kárahnjúkavirkjun árið 2004 komst upp um tuttugu erlenda verkamenn sem störfuðu án réttinda á gröfum og stórum vinnubílum. Þeir þurftu allir að þreyta prófið. Eftir þessa uppkomu hefur eftirlitið verið hert um land allt til þess að koma í veg fyrir vinnuslys.

Bjargaði mannlífum

Ein stærsta vinnuvél heims er jarðborinn Strata 950 sem var notaður til að bjarga 33 námu-mönnunum frá Síle árið 2010. Menirnir höfðu lokast inni neðan-jarðar þann 5. ágúst þegar göng hrundu í koparnámunni þar sem þeir störfuðu. Þar sátu þeir fastir í 69 daga á 700 metra dýpi. Að þeim tíma loknum var þeim bjargað með aðstoð Strata 950-borsins.

Borinn er 40 tonn að þyngd og var notaður til að bora 60 cm breiða holu 700 metra í gegnum kletta til að komast að námumönnunum.

Til að koma bornum á slysstaðinn þurfti að taka hann í sundur og flytja á 42 flutningabílum. Nota þurfti mismunandi hluta borsins á misjöfnum tíma því ekki var hægt að setja borinn allan saman vegna plássleysis.



Vélarnar á Bauma-sýningunni eru af öllum stærðum og gerðum. Dekkið sem konan stendur við með barnið sitt gefur hugmynd um stærð tækisins sem hvílir á því.

IMAGEFORUM/AFP

RISAVAXIN VINNUVÉLA-SÝNING

Stærsta vélasýning heims fyrir bygginga- og jarðvinnu-iðnaðinn heitir Bauma og er haldin í München í Þýskalandi á þriggja ára fresti. Hún var haldin í þriðugasta sinn 11. til 17. apríl 2013 en Bauma var fyrst haldin árið 1954 og hefur farið stækkanandi síðan.

Sýningin í ár sló öll aðsóknarmet, bæði hvað varðar sýningar-aðila og gesti. 530 þúsund gestir frá 200 löndum mættu á svæðið til að skoða það sem 3.420 sýningaraðilar frá 57 löndum höfðu upp á að bjóða. Hlutfall gesta utan Þýskalands hefur aldrei verið hærra, en 200 þúsund gestir komu frá löndum á borð við Austurríki, Sviss, Ítalíu, Rússlandi, Frakklandi, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð og Póllandi. Á síðustu sýningu árið 2010 voru sýningaraðilar 3.150 talsins en gestir aðeins 415 þúsund. Gestafjöldinn var heldur minni en áætlað var og var um að kenna okkar eigin Eyjafjallajökli sem kom róti á flugsamgöngur á þessum tíma.

Næsta Bauma-sýning verður haldin í apríl 2016 en þeim sem vilja kynna sér sýninguna nánar er bent á vefsíðuna www.bauma.de

JCB LEIÐANDI Í FRAMÞRÓUN



FRUM - www.frum.is



Vinnuvélar í öll verk



Þjónusta



Varahlutir



Verkstæði



VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri